

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 118 9. september 1954
um sölu og veitingar áfengis.**

1. gr.

2. málsg. 8. gr., sbr. reglugerð nr. 298 26. júlí 1976, orðist svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal semja verðskrá yfir útsöluverð áfengis á veitingastað, sem gestir eiga aðgang að. Skal í verðskránni miðað við það, að endanlegt verð veitinga til neytenda standi ávallt á heilli krónu, þannig að verðið hækki eða lækki í þá fjárhæð samkvæmt almennum reglum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt áfengislögum nr. 82 2. júlí 1969, öðlast gildi 1. janúar 1981.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. desember 1980.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 438 28. desember 1978 um þinglýsingar.

1. gr.

2. málsg. 9. gr. orðist svo:

Frá 1. janúar 1982 er einungis heimilt að nota pappírsstærðina A 4.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt þinglýsingarlögum nr. 39 10. maí 1978, öðlast gildi 1. janúar 1981.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. desember 1980.

Friðjón Þórðarson.

Þorleifur Pálsson.